



# AÐALFUNDUR PFH 2024

Haldinn í Píluklúbbunum, Reykjavíkurvegi 67, 220 Hafnarfirði  
Þriðjudaginn 4. apríl 2024.

Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum PFH.

## 1. OPNUN FUNDARINS – KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA

Valgeir býður sig fram til fundarstjóra.  
Samþykktur

Viktoría býður sig fram til fundarritara  
Samþykkt

## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR 2023-2024

Valgeir formaður fer yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2023-2024  
Mikil vinna stjórnar hefur verið í kringum húsnæðismál og umsókn ÍBH.  
Hefðbundin mót gengu fyrir sig eins og venjulega og gengu prýðilega.  
Valgeir þakkar Vitor og Ingibjörgu fyrir húsnæðið hjá Píluklúbbnum síðustu ár og frábært samstarf.  
Valgeir tilkynnir að hann muni ekki gefa kost á sér sem formaður áfram og mun því stíga til hliðar eftir þennan aðalfund.

## 3. REIKNINGAR LAGÐIR FRAM

Viktoría gjaldkeri PFH leggur fram ársreikning 2023.  
Skoðunarmaður reikninga Guðmundur Hermann Ólafsson, sem hefur yfirfarið og samþykkt ársreikning 2023.  
Miklar umræður sköpuðust vegna ógreiddra félagsgjalda og ræddar leiðir til að fá félagsgjöld greidd.

Ársreikningur var lagður til samþykktar og var samþykktur einróma

#### 4. ÁKVÖRÐUN ÁRSGJALDS

Núverandi ársgjald 2024 er 18.000.-kr fyrir fulla meðlimi og 14.000.-kr fyrir gestapassa.

Rætt var að hækka ársgjald 2025 fyrir fulla meðlimi 22.000.-kr. og gestapassi 17.000.-kr.

Tillagan var lögð til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

#### 5. LAGABREYTINGAR

Valgeir fór yfir þær lagabreytingar sem ÍBH hefur stungið upp á svo lög PFH uppfylli skilyrði ÍSÍ, en þau þurfa að stemma við reglugerðir ÍSÍ til að hægt sé að ganga í ÍBH.

Lagabreytingar voru lesnar upp fyrir félagsmenn og lagðar til kosninga.

Lagabreytingarnar voru samþykktar einróma með öllum atkvæðum greiddum.

Lög þessi taka gildi eftir lok aðalfundar.

#### 6. KOSNING TIL STJÓRNAR

##### Formaður

Atli Már Erlingsson bauð sig fram sem formann Pílukastfélags Hafnarfjarðar.

Atli var kosinn nýr formaður einróma.

##### Ritari

Kristinn Geir Pálsson var erlendis en bauð sig fram til að gegna áfram starfi ritara.

Kristinn var samþykktur einróma sem áframhaldandi ritari Pílukastfélags Hafnarfjarðar.

##### Aðrir stjórnarmenn eru áfram:

Varaformaður: Gísli Svanur Svansson

Gjaldkeri: Viktoría Ósk Daðadóttir

Meðstjórnandi: Þórunn Lilja Þorsteinsdóttir

#### 7. ÖNNUR MÁL

##### Húsnæðismál

Valgeir kynnir staðsetninguna 220 Bar sem kost til að færa aðstöðu PFH yfir á.

Þar er verið að fara að setja upp píluaðstöðu og getur verið framtíðarhúsnæði PFH.

Þar verða líklast um 10 spjöld í boði.

Greiðsla til aðstöðunnar væri 4.000.- kr. per lið á liðamótum.

Einnig var rætt um Selhelli, sem er húsnæði fyrir ofan Múrbúðina á völlum, en það væri húsnæði í eigin rekstri og er leigan fyrir það húsnæði . - kr. á mánuði.

Forsendur þess húsnæðis væri að koma upp barnastarfi, ná styrk frá ÍBH og jafnvel fara í samstarf með Pílufélagi Grindavíkur.

Fundarmenn voru samþykkr því að það væri áhugi fyrir að skoða samvinnu með Grindavík, sem eru sjálfir húsnæðislausir vegna náttúruhamfara í bænum þeirra.

Stjórn er gefið umboð til að setjast með stjórn PG til frekari umræðna um samstarf milli félaga.

Stjórn er falið að skoða frekari húsnæðismál og leita frekari lausna áður en kallað verði aftur til fundar til að taka frekari ákvarðanir varðandi framtíð Pílukastfélags Hafnarfjarðar.

## 8. Kaup tækja frá Vitor

Rætt var um kaup á píluþúnaði frá Vitor. Settið (bakið, oche, spjald, verndari, áfasta borðið, spjaldröng, ljós) er sett á 120.000.- kr. stk.

Stjórn PFH er tilbúin að festa kaup á 8 stk á 960.000.-kr.

Ræða verður betur um það.

Eigandi 220 Bar vill kaupa 10 stk frá Vitor fyrir uppsetningu á barnum.

Umræður sköpuðust en engin niðurstaða komst í málið.

### Fundarslit

**Valgeir þakkar fundarmönnum fyrir komuna og slítur fundi.**